



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
Karlakórinn fóstbræður  
80 ára**

Karlakórinn Fóstbræður skipar sérstakan sess í hugum þjóðarinnar. Við varðveitum dýrmætar minningar um túlkun kórsins á perlum íslenskrar ljóðlistar, ljúfum kvæðum um blóm og fossa, fjöll og dali, mannlíf og ástir. Tilfinningar okkar til ættjarðarinnar eru samofnar söngnum sem setur svip á stórar stundir.

Á 80 ára afmæli Fóstbræðra flyt ég kórnum árnaðaróskir. Þjóðin þakkar góðar gjafir sem kórinn hefur fært henni við fjölda tækifæra á löngum ferli. Þær eru meðal mikilvægra menningarverðmæta okkar Íslendinga.

Þegar Fóstbræður hefja söng sinn lyftist hugur landsmanna í hæðir.